

# Ný salerni í borginni fyrir hálfan milljarð

Starfshópur leggur til að fjölga almenningssalernum vegna fjölda ferðamanna. Borgarfulltrúi telur að með tillögum í drögum nýrrar skýrslu sé verið að fara of skart í að gera miðbæinn að tjaldstæði.

**REYKJAVÍK** Starfshópur leggur til að 535 milljónum króna verði varið í uppbyggingu almenningssalerna í borginni. Þetta kemur fram í drögum að nýrri skýrslu, Almenningsalerni í Reykjavík – stefna og staða 2016, sem kynnt var fyrir umhverfis- og skipulagsráði nýlega.

Í drögnum kemur fram að á síðastliðnum áratug hafi fjölda almenningssalerna verið lokað og veruleg þörf sé á fleiri almenningssalernum í ljósi aukins fjölda ferðamanna í Reykjavík. Rekstraraðilar veitingahúsa í miðbænum kvartum mjög undan ágangi ferðamanna sem þurfi að komast á salerni. Auk þess sé þörf á að bæta aðstöðu fatlaðra og barnafólks á þeim almenningssalernum sem fyrir eru.

Lagt er til að endurnýja þau sjö sjálfvirku salerni sem eru í miðbænum og byggja ný almenningssalerni með aðgengi fyrir alla á tólf stöðum, meðal annars við Ægisíðu, Nauthólsvík og Esjuna. Einnig að verið verði um sjö milljónum til að bæta merkingar, aðgengi og upplýsingagjöf.

Í skýrslunni kemur ekki fram hvort einkafyrirtæki eða Reykjavíkurborg myndu reka salernin eða hvort gjald yrði tekið fyrir notkun, en að meðaltali kostar rekstur hvers salernis um tvær milljónir króna á ári.

Hildur Sverrisdóttir, aðalmaður fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins í umhverfis- og skipulagsráði, telur að verið sé að leggja í of miklar framkvæmdir. Hún sýni því skilning að bregðast þurfi við fjölgun ferðamanna en hún óttist að þetta sé skammtímalausn. „Þegar við erum að tala um svona miklar framkvæmdir og svona mikla peninga, af hverju skoðum við þá ekki varanlegri, og almennilegri, lausnir?“

Hildur segir að til dæmis væri hægt

**Ef allar þessar tillögur ná fram að ganga þá verður almenningsklósett með nánast tíu metra millibili.**

Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



## 535

milljónum króna yrði varið í uppbyggingu almenningssalerna samkvæmt drögnum.

að byggja almenningssalerni neðanjarðar eða nota fjármunina til að endurbyggja Núllid svo það henti þörfum allra. Hún telur að minnsta kosti ekki nauðsynlegt að setja fjármuni í klósettmannvirki á öðru hverju horni. „Ef allar þessar tillögur ná fram að ganga þá verður almenningsklósett með nánast tíu metra millibili,“ segir hún.

Hildur tekur vel í þá hugmynd sem nefnd er í drögnum að borgin geri samkomulag í gegnum leigusamning við aðila sem reki salerni, til dæmis sundlaugar og menningarhús, um að þau þjóni almenningi og hægt sé að vísa á þau sem slík.

Ekkí náðist í Hjalmar Sveinsson, formann umhverfis- og skipulagsráðs, við vinnslu þessarar fréttar. saeunn@frettabladid.is



Fólk á öllum aldri tók salibunu eftir vatnsrennibraut niður Bankastrætið í gær. Ljósmyndari Fréttablaðsins blotnaði í báða fætur við að mynda fjörið enda stóðu gusurnar í allar áttir í blíðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Nærbuxur fyrir Druslugönguna

**LÍFIÐ** Nærbuxur og tattú eru meðal drusluvarnings í ár en gangan verður farin í sjötta sinn frá Hallgrímskirkju á laugardaginn.

Drusluvarningurinn hefur verið vinsæll og er hann hannaður af Helgu Dögg Ólafsdóttur og Grétu Þorkeldsdóttur líkt og síðustu þrjú ár.

„Ég fyllist af stolti þegar fólk sameinast í þessum málstað í kringum varninginn og stendur saman fyrir breytingum í samfélaginu,“ segir Helga Dögg. – gj / sjá síðu 22



## Opnun Costco frestast til vors

**VÍÐSKIPTI** Verslun bandaríska smá-sölurísans Costco verður opnuð hér á landi í marslok 2017, en ekki á þessu ári eins og áður stóð til.

Ástæða seinkunarinnar er að verkid frestast vegna tæknilegra atriða. „Það er stefnt að því að opna í enda mars. Frágangur á kaupsamningi tafðist. Þeir eru voðalega nákvæmir á öllum hlutum og vildu hafa allt 100 prósent á hreinu áður en þeir byrjuðu,“ segir Samúel Guðmundsson, hjá Teiknistofu Halldórs Guðmundssonar.

Í byrjun árs 2015 var fyrst greint frá því að Costco hygðist opna verslun í Kaupþúni í Garðabæ. Fyrst var stefnt að því að verslunin yrði opnuð fyrri hluta árs 2016. Í mars greindi svo Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, frá því að verslunin yrði opnuð í nóvember ef allt gengi að óskum og að framkvæmdir ættu að hefjast nú í júní. – sg



Verslun Costco verður opnuð í Garðabæ í lok mars á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**Þeir eru voðalega nákvæmir á öllum hlutum og vildu hafa allt 100 prósent á hreinu áður en þeir byrjuðu.**

Samúel Guðmundsson, hjá Teiknistofu Halldórs Guðmundssonar

## Fréttablaðið í dag

### SKOÐUN

Guðmundur Andri skrifar um hatrið sem nærast á hatri. **9**



**FRÉTTIR** Fatlað fólk fær eingöngu niðurgreiðslu á ódýrustu hjálpartækjunum. **4**

**SPORT** Sögulegur sigur Svía á Opna breska í Skotlandi. **10**

**TÍMAMÓT** Fimm þúsund skátar væntanlegir til landsins á næsta ári. **12**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**  
● FÓLK ● FASTEIGNIR

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Hreinsum glugga og klæðningar á öllum stærðum húsa



Vanir menn – Vönduð vinnubrögð.



HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTAN EHF

Sími 555 6855  
www.husfelag.is  
husfelag@husfelag.is



## Veður



Austankaldi með suðurströndinni, en annars hægvíðri og skúrir á stöku stað. Fremur hlýtti í veðri. **SJÁ SIÐU 16**

## Birna bíður krufningar



Heimilisfólk á Hvalsnesi á Skaga varð vart við þennan 204 kílógramma ísbjörn á laugardagskvöldið. Skytta var kölluð til og dýrið fellt með einu skoti. Birnan var flutt í hendur Náttúrufræðistofnunar í Reykjavík í gær og sýni tekin úr henni. Stefnt er að því að stoppa björninn upp eins og gert hefur verið með aðra birni sem afhentir eru stofnuninni en birnan er fimmti ísbjörninn sem gengur hér á land frá árinu 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Afturkalla ferðaviðvörðun til Tyrklands

**TYRKLAND** Eftir reglulegan samráðs-fund Norðurlandanna um borgarabjónustu hefur utanríkisráðuneytið ákveðið að afturkalla fyrri ferðaviðvörðun til Tyrklands þar sem varað var við ónauðsynlegum ferðum til landsins.

Fram kemur í tilkynningu að utanríkisráðuneytið hvetji enn Íslendinga sem staddir séu í landinu til að gæta fyllstu varúðar og fylgjast vel með ástandi mála í kjölfar valdaránstílaunarinnar síðastliðinn föstudag.

Andri Lúthersson, hjá utanríkisráðuneytinu, segir mikið hafa verið hringt í ráðuneytið aðfaranótt laugardagsins og fram á laugardag en að það hafi róast mikið síðan.

Andri segir engar vísbendingar hafa borist um að Íslendingar í Tyrklandi hafi verið í hættu. Hann segist ekki vita til þess að íslenskir ferðamenn í landinu hafi breytt ferðaáætlunum sínum vegna atburðanna. –sg

## Olíunotkun eykst um fimmtung næstu 35 árin

**ORKUMÁL** Olíunotkun á Íslandi mun aukast um 21 prósent fram til ársins 2050 samkvæmt nýrri eldsneytisspá Orkustofnunar. Samkvæmt spánni mun olíunotkun vegna millilandaflutninga aukast um 143 prósent fram til 2050 en innanlandsnotkun dragast saman um 40 prósent.

Spáin byggir á því að ferðamönnum haldi áfram að fjölga og þar með aukist olíunotkun flugfélanna enn frekar. Búist er við að olíunotkun vegna millilandaflutninga verði tvöfalt meiri en innanlandsnotkun árið 2050. Millilandaflutningur á olíu er nú helmingur af innanlandsnotkun. –ih

143%

aukning verður á notkun olíu vegna flutninga milli landa samkvæmt spánni.



Spáð er aukinni olíunotkun vegna fjölgunar ferðamanna.

## Smáforrit auðveldar samskipti við leikskóla

Íslensk hjón vinna að því að koma smáforriti á markað sem tryggir að upplýsingar berist fljótt og á öruggan hátt á milli leikskóla og foreldra. Áhersla er lögð á að skrá inn upplýsingar myndrænt. Verður prufukeyrt á Íslandi á næstunni.

**TÆKNI** „Þetta snýst um að einfalda vinnu leikskólakennarans til að hann fái meiri tíma til að sinna því sem hann þarf að sinna. Ég er sjálf kennari og veit að við þurfum að spara tíma og skrifinnnska getur tekið mikinn tíma,“ segir Anna Margrét Magnúsdóttir.

Anna og eiginmaður hennar Branislav Dragojlovic eru nú í óða-önn að undirbúa komu smáforritsins Kidsy á íslenskan markað.

Kidsy stendur fyrir orðin „kids“ og „easy“ og kom hugmyndin upp þegar stofnendur ráku sig á það hve erfitt getur verið að nálgast hagnýtar upplýsingar frá leikskólum. Íðulega þarf að sækja upplýsingarnar á mismunandi stadi innan leikskólans, erfitt getur reynst að ná tali af starfsmönnum og flókið og tímafrekt að skrá sig inn á innra net.

„Kidsy leysir þetta vandamál með því að tryggja að upplýsingar berist fljótt og á öruggan hátt á milli leikskóla og heimila. Appið gerir notendum kleift að senda tölvupóst, hagnýtar upplýsingar, myndir, skilaboð og fleira í gegnum tölvur og snjalltæki. Appið á ekki að koma í veg fyrir persónuleg samskipti eða minnka þau, heldur auðvelda skipulagningu og upplýsingaflæði,“ segir Anna.

Áhersla er lögð á að skrá inn upplýsingar myndrænt. „Ef ung barn fer að sofa ýtir til dæmis leikskólakennarinn á augnhnapp og þá koma þær upplýsingar myndrænt til foreldra,“ segir Anna.

„Planið er að koma þessu á sem flesta leikskóla og bjóða dagmómmum þetta líka í byrjun, en



Kidsy á að einfalda vinnu leikskólakennarans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Appið á ekki að koma í veg fyrir persónuleg samskipti eða minnka þau, heldur auðvelda skipulagningu og upplýsingaflæði.

Anna Margrét Magnúsdóttir, kennari

Kidsy-appið hefur unnið til verðlauna í Evrópu.



seinna meir verður hægt að nota þetta hvar sem er, til dæmis á frístundaheimilum.“

Hjónin fengu fyrst hugmyndina að forritinu fyrir fimm árum en fóru af stað fyrir nokkrum árum. Þau hafa nú þegar unnið til nokkurra verðlauna í Evrópu og fengu Evrópustyrk fyrir einu og hálfu ári.

Þau ætla á næstunni að prufukeyra forritið í leikskólum á Íslandi, í Færeyjum og Danmörku. Anna segir að þau ætli svo að nýta sér tengslanet sitt í Evrópu til að sækja á alþjóðlega markaði.

saeunn@frettabladid.is

NÝBAKAÐ  
BRAUÐ  
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Dalbraut 1
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18
- Lönguhlíð



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00





**500 MB**  
netnotkun eða  
**500 kr.**  
á mán. í 3 mán.  
fylgir!

LG K 10 16 GB

**31.990 kr.** stgr.



**500 MB**  
netnotkun eða  
**500 kr.**  
á mán. í 6 mán.  
fylgir!

iPhone SE 16 GB

**74.990 kr.** stgr.



**500 MB**  
netnotkun eða  
**500 kr.**  
á mán. í 6 mán.  
fylgir!

Samsung J5 2016 16 GB

**39.990 kr.** stgr.

**New-Balance**  
skór fylgja  
frítt með



**500 MB**  
netnotkun eða  
**500 kr.**  
á mán. í 6 mán.  
fylgir!

Sony Xperia XA 16 GB

**49.990 kr.** stgr.

# SUMARDÍLAR HJÁ NOVA



Nova tólaskjól

**590 kr.** stgr.

Nova tjald

**3.490 kr.** stgr.

Nova stuðpinni

**1.890 kr.** stgr.

Letihaugur Nova

**4.990 kr.** stgr.

**Stærsti**  
skemmtistaður  
í heimi!



# Ekki tekið mið af sjónarmiðum neytenda í búvörusamningum

**LANDBÚNAÐUR** „Það var algjör skortur á samráði við aðila sem eðlilegt var að kæmu að borðinu þegar samningarnir voru gerðir,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, um nýja búvörusamninga sem nú eru til skoðunar hjá atvinnuveganefnd Alþingis.

Jóhannes segir ekki tekið mið af sjónarmiðum neytenda í samningunum. „Þeir eru bara út frá þróngum

hagsmunum bænda. Það er það sem við gagnrýnum mjög.“

Jóhannes bætir við að það sé lágmark að samtök á borð við Neytendasamtökin sem og verkálýðshreyfingin komi að borðinu. „Þetta er ekki einkamál bænda og landbúnaðarráðherra.“

Jóhannes segir að það væri neytendum til bóta að stytta samningstímann. „Það er verið að festa í sessi mjög íhaldssamt kerfi sem er mjög

slæmt, bæði fyrir neytendur og bændur, að okkar mati. Með því að stytta gildistímann er verið að taka samningana upp frá grunni,“ segir hann og bætir við: „Ég vænti þess og vona að það sé rétt sem hefur komið fram að það sé ekki meirihluti fyrir samningunum á Alþingi.“

Þá segir hann óeðlilegt að ríkið nýti skattfé til að niðurgreiða framleiðslu búvara og bendir á að samtökin hafi ítrekað gert þá kröfu að

**Þetta er ekki einkamál bænda og landbúnaðarráðherra.**

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna



tollar á innfluttum landbúnaðarvörum verði felldir niður, ekki síst á mjólkurvörum. „Það eina sem myndi tryggja eðlilega samkeppni á þeim vettvangi er innflutningur á lágum, helst engum, tollum,“ segir Jóhannes.

„Hvaðan koma peningarnir sem eru notaðir til niðurgreiðslu? Þegar upp er staðið þá erum við að borga hluta verðsins þegar við erum að kaupa mjólk úti í búð og hinn hlutann þegar maður borgar skatta.“ -þea



Fiskafli íslenskra skipa hefur dregist saman. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Fiskafli dróst saman í júní

**HAGSTOFAN** Fiskafli íslenskra skipa var tæplega fjórutíu og tvö þúsund tonn í júní en það er 43 prósentum minni afli en í júní í fyrra. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Uppsývarafli var rétt rúm tvö þúsund tonn en það er talsvert minna en í júní í fyrra þegar hann var 33,6 þúsund tonn. Þá kemur fram að botnfiskaafli hafi staðið nokkurn veginn í stað og var rúm þrjátíu og fimm þúsund tonn. -ngy

## Gervipeningar fyrir flóttamenn

**ITALÍA** Í smábænum Gioiosa Ionica á Suður-Ítalíu eru flóttamenn látnir nota gerviseðla til að versla við íbúa bæjarins.

Seðlarnir eru í raun hluti af stuðningskerfi flóttamanna og virka sem inneignarnótur. Flóttamenn mega eyða peningunum í það sem þeir vilja, en einungis innan bæjarmarkna til að bæjarbúar hagnist af viðveru þeirra. Í frétt BBC um málið segir að flóttamennirnir 75 í bænum hafi meðal annars skapað tuttugu ný störf.

Bæjarstjórnin fær jafnvirði 4.700 íslenskra króna á dag fyrir nauðsynjar handa flóttamönnum, þeim býðst svo að vinna í bænum og verða sér þannig úti um reynslu.

Seðlarnir eru á formi gervi-eyra, á 10 evru seðlinum er Che Guevara, á 20 evru seðlinum er Hugo Chavez og Karl Marx er á 50 evru seðlinum. Á hinna hliðinni er svo Giovanni Maio, sem sér um flóttamannamál í bænum. -sg

# Ríkið niðurgreiðir eingöngu allra ódýrustu hjálpartækin

Varaformaður Sjálfsbjargar segir ríkið aðeins niðurgreiða ódýrustu hjálpartækin fyrir fatlaða þrátt fyrir að þau séu ekki þau hentugustu. Kona sem bundin er hjólastól fékk neitun um niðurgreiðslu á mótör á hjólastólinn. Varaformaður ÖBÍ segir skjóta skökku við að vinnuveitendur þurfi að borga fyrir hjálpartækin.

**SAMFÉLAG** „Fatlaðir þurfa oft að kaupa sér hjálpartæki og ég hef sjálfur rekið mig á mjög hátt verð,“ segir Bergur Þorri Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar, en hann segir ríkið einungis niðurgreiða ódýrustu lausn sem kostur er á þrátt fyrir að tækið sé ekki það hentugasta.

Þá sé ekkert niðurgreitt sem tengist útivist eða hreyfingu. Hjálpartæki séu oft mjög kostnaðarsöm og viðhald þeirra einnig.

„Ég á til dæmis bíl og þarf að nota lyftu til að komast inn í hann. Hún er í kassa undir bílnum og ég fæ ekki niðurgreiðslu því ég vil ekki hafa lyftuna inni í bílnum sem er ódýrara,“ segir Bergur sem greiðir fyrir lyftuna úr eigin vasa. Hann útskýrir að mikil óþægindi fylgi því að hafa lyftuna inni í bílnum, hún skrölti og taki mikið pláss. Þá segir hann vara hluti í hjálpartækin oft mjög dýra og ekki niðurgreidda.

„Þegar eitthvað er framleitt fyrir fatlaða er ótrúleg álagning en það er örugglega af því að það halda allir að ríkið niðurgreiði það,“ segir Aðalbjörg Guðgeirsdóttir, en hún er bundin við hjólastól og notar mótör við hjólastólinn sem auðveldar henni að fara sínar leiðir.

Á dögnum eyðilögðust rafhlöðurnar í mótörnum. Hún fékk þær upplýsingar frá Eirbergi, verslun sem selur hjálpartæki, að nýjar rafhlöður kosti 200.000 krónur.

„Mér fannst það rosalega mikið, sérstaklega því þetta er ekki niðurgreitt af ríkinu. Mótörinn sjálfur er ekki niðurgreiddur og hvað þá nýjar rafhlöður í hann,“ segir Aðalbjörg.

Ástæðan fyrir því að hún fékk ekki mótörinn niðurgreiddan var sú að hún væri hvorki offitusjúklingur né með stoðkerfisvandamál.

**Þegar eitthvað er framleitt fyrir fatlaða er ótrúleg álagning en það er örugglega af því að það halda allir að ríkið niðurgreiði það.**

Aðalbjörg Guðgeirsdóttir, öryrki



**Fólk þarf oft að borga sjálft dýr hjálpartæki til að halda sér virkum í samfélaginu.**

Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður Öryrkjabandalags Íslands



„Auðvitað er ég með stoðkerfisvandamál. Ég er í hjólastól,“ segir hún og tekur undir það með Bergi að aðeins allra ódýrasta lausnin sé niðurgreidd.

„Ég kannast við þetta. Fólk þarf oft að borga sjálft dýr hjálpartæki til að halda sér virkum í samfélaginu,“ segir Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ, og bætir við að til dæmis þurfi vinnuveitandi að greiða fyrir hjálpartæki fatlaðs starfsmanns. Ríkið niðurgreiði þau ekki. „Það finnst okkur ófugsnuíð þegar hið opinbera vill yta undir atvinnuþátttöku fatlaðra,“ segir Halldór en hann er blindur og þarf punktaletursskjá í vinnu sem kostar allt að milljón. [nadine@frettabladid.is](mailto:nadine@frettabladid.is)



Fatlað fólk þarf oft að borga sjálft fyrir aukabúnað á hjólastóla. NORDICPHOTOS/GETTY

## Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



**HAFIÐ**  
FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13  
Sími 554 7200 | [facebook](https://www.facebook.com/hafid)



**SYNC** samskiptakerfi með **Bluetooth** og **neyðarhringingu** er nú staðalbúnaður



## NÝR FORD FIESTA

› Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur. Þar á meðal er SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fánlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Upplifðu frábæra aksturseginnleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu**

### FORD FIESTA

BEINSKIPTUR

FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **2.740.000** KR.



[ford.is](http://ford.is)



Örugur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
Opíð á laugardögum frá og með 6. ágúst

Kynntu þér Ford Fiesta betur: Hiti er í framsættum og 4,2" TFT upplýsingaskjári í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO<sub>2</sub> gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í staði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisþúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ♦ Ford Fiesta, bensín 65 hó/EcoBoost 100 hó, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO<sub>2</sub> 99 g/km. ♦ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hó, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO<sub>2</sub> 114 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.





Rúm vika er síðan fimm lögreglumenn voru skotnir til bana í Dallas.

NORDICPHOTOS/AFP

## Þrír bandarískir lögreglumenn skotnir til bana

**BANDARIKIN** Þrír lögreglumenn voru skotnir til bana og fleiri særðust í skotárás í Baton Rouge, höfuðborg Louisiana-ríkis, í Bandaríkjunum í gær. Árásarmaðurinn lést í skotbardaga við lögreglu.

Rúm vika er síðan byssumaður skaut fimm lögregluþjóna til bana í Dallas á mótmælum samtakanna Black Lives Matter. Daginn áður náðist á myndband þegar Alton Sterling, svartur íbúi Baton Rouge, var skotinn til bana af tveimur hvítum lögreglumönnum í borginni.

BBC greinir frá því að nokkrir dagar séu síðan lögreglan í borginni handtók fjóra einstaklinga sem sagðir voru hafa verið að skipuleggja árás á lögreglumenn. Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði ekkert réttlæta morðin á lögreglumönnum sem framin hefðu verið af hugleysingjum. -ih

## Lést í loftárás



Sýrlendingur heldur á líki ungs drengs sem féll í loftárás á svæði undir stjórn uppreisnarmanna í borginni Aleppo í Sýrlandi í gær. Minnst 28 féllu í loftárásunum, þar á meðal börn. Sprengjum var meðal annars varpað á spítala í borginni. Bandaríkjamenn fengu leyfi frá Tyrkjum í gær til að fljúga á ný yfir Tyrkland til þess að halda áfram loftárásunum í Sýrlandi og Írak eftir hina misheppnuðu valdaránstíraun í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

# Hreinsanir eftir uppreisn í Tyrklandi

Sex þúsund hafa verið handteknir eftir valdaránstíraunina í Tyrklandi. Forseti Tyrklands vill fá manninn sem hann segir ábyrgan fyrir valdaráninu framseldan frá Bandaríkjunum. Forsetinn er varaður við því að nýta sér aðstæður til að brjóta á réttindum borgaranna.

**TYRKLAND** Tyrknesk stjórnvöld hafa handtekið sex þúsund manns sem þau segja að tengist misheppnaðri valdaránstíraun hluta tyrkneska hersins í landinu á föstudagskvöld og aðfaranótt laugardags. Búið er við að fleiri verði handteknir á næstunni.

Meðal þeirra sem handteknir hafa verið er yfirmaður tyrkneska flughersins, auk fjölda hershöfðingja hermanna, dómara og saksóknara. Þá hefur 2.745 dómurum og saksóknurum verið víkið úr starfi.

Recep Tayyip Erdoğan, forseti Tyrklands, segir einn helsta andstæðing sinn, tyrkneska klerkinn Fethullah Gülen, ábyrgan fyrir uppreisninni. Erdoğan hét því að hreinsa stofnanir ríkisins af stuðningsmönnum Gülen's í ræðu í jarðarför eins fórnarlamba

átakanna. Þá gaf Erdoğan í skyn að tilefni væri til að endurvekja dauðarefsingar í landinu. Gülen, sem er sjálfskipaðri útleög í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, hafnar alfarið að tengjast uppreisninni og segir mögulegt að Erdoğan hafi sett valdaránstíraunina á svið til að styrkja stöðu sína í landinu.

Erdoğan kallaði eftir því að Gülen yrði framseldur til Tyrklands. John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjaanna, sagði að til að möguleiki yrði á því yrðu tyrknesk stjórnvöld að sýna fram á tengsl Gülen's við uppreisnina.

The Guardian segir að eftir hina misheppnuðu valdaránstíraun sé Erdoğan talinn hafa nægan stuðning til þess að hrinda í framkvæmd laga-breytingum sem auka eiga völd for-

# 2.745

dómurum og saksóknurum hefur verið víkið frá störfum í Tyrklandi vegna meintra tengsla við valdaránið.

setans á kostnað þingsins. Erdoğan, sem stýrt hefur landinu frá 2003, fyrst sem forsætisráðherra og nú sem forseti, hefur verið sakaður um sífellt meiri einræðistilburði á undanförmum árum.

Þjóðarleiðtogar víða um heim hafa varað Tyrklandsforseta við að ganga of langt í hreinsunum í röðum and-



Erdoğan Tyrklandsforseti grét í jarðarför eins fórnarlamba átakanna aðfaranótt laugardags. NORDICPHOTOS/AFP

stæðinga hans eftir hina misheppnuðu valdaránstíraun. Jean-Marc Ayrault, utanríkisráðherra Frakklands, sagði að Erdoğan mætti ekki nota uppreisnina sem átyllu til að þagga niður í pólitískum andstæðingum sínum.

Al Jazeera greinir frá því að þingmenn úr fjórum stærstu flokkum landsins hafi komið saman fyrir utan þinghúsið í Ankara í gær þar sem þeir fordæmdu valdaránstíraunina. Engu að síður hvöttu stjórnarandstæðingar Erdoğan til að nýta tækifærið til að efla lýðræði í landinu, auka frelsi fjölmiðla og dómara.

Að minnsta kosti 290 létust í átökum aðfaranætur laugardagsins og um 1.400 særðust.

ingvar@frettabladid.is



## Beltone Legend™ Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni · Sími 568 7777 · heyra.is



**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**

**strellson**

**POLO**  
RALPH LAUREN

**ARMANI**  
COLLEZIONI

**eterna**

**VAN KOLLEM**  
MADISON PARK • NY

**gardeur**<sup>®</sup>

**HUGO**  
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND


**FINUCCI**  
collezione

**bugatti**

*Stenströms*

**BELLINI**  
collezione

**LLOYD**



**Herra**  
*lagerinn*  
outlet  
*líka fyrir konur*

# Hreinsun!

# 70%

**afsláttur**  
**af öllum vörum**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18

laugardaga frá kl. 11 til 17

sunnudaga frá 13 til 17

Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



# Okkar ábyrgð



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Það er ugghætt staðreynd að mansal, vinnu- og kynlífsþrældómur skuli þrífast á Íslandi og það í umtalsverðum mæli. Þessi staðreynd kom fram í skýrslu frá bandaríska utanríkisráðuneytinu en þar eru íslensk stjórnvöld einnig gagnrýnd fyrir að taka ekki nægilega vel á glæpum sem þessum. Á síðustu þremur árum hefur enginn verið sakfelldur fyrir mansal eða þrælahald innan íslenskra réttarkerfisins sem er í sjálfu sér þungur áfellingisdómur yfir sofandahætti eða jafnvel dugleysi stjórnvalda til að taka á þessum skelfilegu glæpum.

Eins og Alda Hrönn Jóhannesdóttir, aðallögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, benti á í liðinni viku fjölga mansalstilfellum hér samhliða auknum ferðamannastraumi. Auknar framkvæmdir leiða einnig af sér skort á vinnuafli og skapa rými fyrir óprúttna aðila til þess að bjóða ódýrt vinnuafli með ólöglegum hætti. Þrátt fyrir að umtalsverð umfjöllun hafi verið um þessi mál, bæði á þessu ári og því síðasta m.a. hér á síðum Fréttablaðsins, virðist stada þessara mála vera að renna upp fyrir stjórnvöldum nú fyrst á síðustu vikum. Það ætti í raun ekki að dyljast nokkurri sálu að mansal er hluti af íslenskum veruleika og það í ýmsum atvinnugreinum, s.s. ferðaþjónustu, byggingariðnaði og verksmiðjum og þannig mætti áfram telja auk þess sem augljóslega er mikil þörf fyrir ítarlega rannsókn yfirvalda á ýmiskonar ólöglegri starfsemi sem þrífst mögulega í skjóli aðgerðarleysis yfirvalda.

Það ætti ekki að vera flókin sannindi að þensla, aukin umsvif og fjöldi fólks innan markaðssvæða með fjölgun ferðamanna kalli á auknið eftirlit. Þegar við bætist að hér er um að ræða glæpi sem stór hluti þjóðarinnar getur átt erfitt með að átta sig á að eru að eiga sér stað í nærsamfélagi sínu þá verður að koma til fræðsla. Allt kostar þetta peninga og því fé er vel varið sem fer í eftirlit og fræðslu til þess að byggja upp heilbriggt atvinnulíf og koma í veg fyrir þá skelfilegu glæpi sem eru fölgir í mansali.

Mansal, vinnu- og kynlífsþrældómur er birtingarmynd vaxandi misskiptingar og fátæktar í heiminum. Fórnlömbin eru einkum fátæklingar, konur og börn. Einstaklingar sem geta illa varið sig sjálfir fyrir gerendum og er illa kleift að komast út úr þeim aðstæðum sem þeim hefur verið komið í. Til þess þarfnast þeir hjálpar þeirra samfélaga þar sem kraftar þeirra og líf hafa verið nýtt af græðgi og grimmd. Afleiðingarnar fyrir líf þessa fólks eru skelfilegar og við getum ekki lengur látið eins og þetta sé ekki hluti af íslensku samfélagi og þar með á okkar ábyrgð.

Vestræn velferðarríki, á borð við Ísland, sem sitja í efri þrepum hagkerfa heimsins bera mikla ábyrgð og ber að leggja sérstaklega mikið af mörkum til þess að koma í veg fyrir þær þjáningar sem hljóta af þessum völdum sem og að aðstoða fórnarlömb þess mansals sem þegar hefur átt sér stað innan viðkomandi samfélags. Það er því löngu tímabært að íslensk stjórnvöld leggi sitt af mörkum í baráttunni gegn mansali.



**Afleiðingarnar fyrir líf þessa fólks eru skelfilegar og við getum ekki lengur látið eins og þetta sé ekki hluti af íslensku samfélagi og þar með á okkar ábyrgð.**

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

**Flisabúðin**  
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Halldór



## Frá degi til dags

**Áreiti fjölmiðla**  
Kjararáð hækkaði laun forstjóra Útlendingastofnunar nýverið í kjölfar bréfs sem hún sendi ráðinu þar sem hún benti meðal annars á mikið áreiti fjölmiðla, bæði á kvöldin og um helgar. Vonandi verður tekið tillit til sömu sjónarmiða næst þegar ákvörðun verður tekin um laun þeirra sem sitja í kjararáði enda hefur fjölmiðla-áreiti verið mikið að undanfögnu og síminn vart stoppað. Að visu hafa almennir meðlimir kjararáðs ekkert viljað við fjölmiðla tala og benda á formanninn sem ekki svarar í símann.

**Enginn sáttur?**  
Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðgjafi, sagði í útvarpsþættinum Sprengisandi í gær, að skrítið væri að sjá að bæði væri óánægja meðal bænda og verslunarinnar með nýgerða búvörusamninga. Ekki hefðu allir rétt fyrir sér og margt væri gott í samningunum sem hefði farið forgörðum í umræðunni. En kann ekki að vera að báðir aðilar hafi nokkuð til síns máls og hugs þurfi samningana upp á nýtt þegar ASÍ, Neytendasamtökin, Samkeppniseftirlitið, Viðskiptaráð, Félag atvinnurekenda og fjöldi þingmanna, meðal annars úr Sjálfstæðisflokknum, hafa auk bænda og verslunarinnar lýst yfir óánægju með samningana? [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)

## Veganesti kjararáðs í komandi kjarasamninga kennara



Guðríður Arnardóttir  
formaður Félags framhaldsskólakennara

Nýlegur úrskurður kjararáðs hefur vakið talsverða umræðu í samfélaginu og ekki að ósekju. Þar hafa nokkrir ædstu stjórnendur hjá stofnunum ríkisins verið hækkaðir í launum umfram þær almennu launahækkanir sem ráðið hafði áður úrskurðað þeim til handa.

Það sem vekur athygli mína varðandi þessa ákvörðun kjararáðs er annars vegar sú staðreynd að nú þegar aðilar vinnuarkaðarins, fyrir utan Kennarasamband Íslands og BHM, hafa sett ramma um launahækkanir almennings til næstu ára þá telur kjararáð forsendur til þess að hækka tiltekna hópa umfram aðra. Leggur ráðið þar til grundvallar þau sjónarmið að álag í starfi þessara einstaklinga hafi aukist svo mikið á síðustu misserum að það beri að meta til launa.

Nú liggur fyrir að álag á kennara hefur aukist gríðarlega á síðustu árum. Kennarar búa við þann veruleika að nemendur þeirra sitja í kennslustundum með snjallsimana sína, sem eru ekki bara símar, heldur kvikmyndatökuvélar. Orð og athafnir kennarans geta þannig verið tekin upp, „edituð“ og slitin úr samhengi og send þannig út í kosmósið. Nemendur geta tekið myndir af kennaranum sínum og sent á samfélagsmiðlana með niðrandi ummælum. Gerð er sú krafa að kennarinn sé til taks utan dagvinnuarkaða á fésbók eða svari tölvupóstum. Kennarinn má búa við opinbera umræðu um störf sín á samfélagsmiðlunum án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér og er oft fundinn sekur af dómstóli götunnar.

Að vera kennari er ekkert endilega þægilegr innvinna en að vera forstjóri Útlendingastofnunar eða fangelsismálastjóri. Álag á kennara hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum sem og umsvif starfsins, líkt og þeirra sérfræðinga hjá hinu opinbera sem kjararáð telur rétt að hækka í launum.

Við framhaldsskólakennara munum halda þessu til haga í haust þegar við setjumst að samningaborðinu, kjararáð hefur lagt okkur til gott veganesti.



**Að vera kennari er ekkert endilega þægilegr innvinna en að vera forstjóri Útlendingastofnunar eða fangelsismálastjóri.**



# Hatrið nærast á hatri

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

Skáldsaga Kurts Vonnegut, Sláturhús 5 (sem Sveinbjörn I. Baldvinsson þýddi vel á annarri öld) fjallar um eitt af ódæðisverkum 20. aldarinnar sem legið hafði í hálfgerðu þagnargildi fram að bók Vonneguts: Loftrásir Bandamanna á Dresden í Þýskalandi í lok seinni heimsstyrjaldarinnar, þegar borgin var jöfnuð við jörðu, aðallega til að hefna fyrir miskunnarlausar loftrásir Þjóðverja á England. Þó væri í kjölfar baráttunnar við nasismann var þetta óréttlætlanlegt vöðaverk.

Það er ekki einu sinni liðin öld frá þessum atburðum, sem kannski er ágætt að hafa í huga fyrir áhuga-fólk um ófrið og illindi hópa og þjóða á milli eða fólk sem heldur að kristnum hvítum Evrópumönnum sé það á einhvern hátt áskapað að halda friðinn. Stríðsglæpir eru framiðir við tiltekna kringumstæðum og í tilteknu andrúmslofti, burtséð frá þjóðerni, trúarbrögðum, uppruna eða húðlit.

## Pú-tí-vít

Saga Vonneguts er full af bröndurum og sorg, skrifuð eins og allar góðar bækur með kuldaglott á

vörum og grátstafinn í kverkum; gegnsýrð af þeirri óhátíðlegu mannúð sem manni finnst stundum að okkur skorti einmitt núna.

Sumt situr í manni ævilangt. Til dæmis hvernig bókin byrjar á orðinu „Listen“ og endar á orðunum: „Poo-tee-weet“. Þau vísa á fugla-söng, og eru útskýrð svona í formála bókariðinnar, þegar höfundur ávarpar útgefandann sinn, Sam, og segir honum frá bókinni sinni um Dresden (finn ekki þýðingu Sveinbjarnar og snara sjálfur):

„Hún er svo stutt og ruglingsleg, Sam, af því að það er ekki hægt að segja neitt af viti um fjöldamorð. Allir eiga að vera dauðir og ekki segja neitt eða vilja neitt nokkru sinni framar. Það á að ríka algjör þögn eftir fjöldamorð, og þannig er það alltaf, fyrir utan fuglana.

Og hvað segja fuglarnir? Allt og sumt sem hægt er að segja um fjöldamorð, svona eins og „Pú-tí-vít“.

## Nei, þetta var ...

Þannig gengur það. Og samt höfum við ríka þörf fyrir að tjá okkur og segja eitthvað skynsamlegt þegar fjöldamorð eiga sér stað, þó að ekki væri til annars en að „draga af þeim lærdóma“ og koma í „veg fyrir að svona atburðir endurtaki sig“.

Þess vegna tölum við fram og aftur um ódæðismanninn í Nice í Frakklandi og hvað honum geti eiginlega hafa gengið til, að aka stórum trukk inn í mannfjölda til að geta drepið eins marga og hann komst yfir. Skýringar hrannast



upp: Þetta var múslimskur öfgamaður að berjast gegn vestrænum gildum og fyrir sjaralögum ... nei, þetta var sálsjúkur einfari sem áður hafði barið konu sína ... nei, þetta var ISIS að minna á sig eftir að dregið var aftur úr öryggisgæslu eftir EM ... nei, þetta var smákrimmi sem fann sig ekki í þjóðfélaginu ... nei, þetta var svipað og þegar þýski flugmaðurinn missti vitið og flaug vélinni fullri af farþegum í opinn dauðann ... nei, þetta er til vitnis um að stríðið í Miðausturlöndum er komið til vesturveldanna, sem halda því gangandi með vopnasölu sinni, olíuviðskiptum og arðráni ... nei, þetta er til vitnis um að „þeir“ hata „okkur“ og enn einn vitnisburðurinn um að múslimar geta ekki aðlagast vestrænum lífsháttum ... nei, þetta var ódæði af sama tagi

og gerast á nokkurra mánaða fresti í Bandaríkjunum þegar byssuóðir vesalingar ætla að láta að sér kveða eftir að enginn hefur tekið eftir þeim alla þeirra aumu ævi ... nei, þetta er afleiðing af Alsírstríðinu og ömurlegum kjörum fólks af norður-afrikkum uppruna í Frakklandi ...

Og svo framvegis. Gallinn við þessar skýringar er að þar er iðulega leitað að sök hjá einhverjum öðrum en þeim sem morðin framdi. Og það er leitað að skynsemisvotti í framferði sem í eðli sínu er glórulaust.

Pú-tí-vít. Fjöldamorð af þessu tagi eru ónáttúra; glæpur gegn sjálfri lífshvötinni. Halldór Laxness sagði einu sinni um stríð að enginn maður ætti að drepa fleira fólk en hann gæti borðað sjálfur, sem er ágæt regla og auðvelt að halda í



**Eina sem dugir gegn öflum haturs og myrkraverka er að bjóða upp á betri lífskjör, meiri birtu, meiri mat, meira líf, meiri leik, meiri gleði, meiri kærleika.**

heiðri. Hvað sem öðru liður má svona ódæði ekki verða tilefni til enn meiri ofsókna á hendur saklausu fólki sem tilheyrir merktum hópum í Evrópu. Þá er enn meiri vöðinn vís. Hvað sem mönnum kann að þykja um fjölmenningu evrópskra samfélaga, með tilheyrandi sambúð ólíkra hópa, er með öllu óraunhæft að snúa aftur til einangrunar afmarkaðra þjóðríkja þar sem þarf að framvísa upprunavottorðum til að sanna að maður sé ekki hryðjuverkamaður í eðli sínu.

Svo sannarlega eru vondar hugmyndir á sveimi í sumum moskum og margt hroðalegt eflaust sagt og ráðgert í litlum hópum manna sem telja sig utangarðs í vestrænum samfélögum en eiga fremur heima í ímynduðu þúsundaráriki á himni hugmyndanna.

En hatri verður ekki mætt með hatri. Hatrið nærast á hatri. Eina sem dugir gegn vöndum hugmyndum eru góðar hugmyndir. Eina sem dugir gegn öflum haturs og myrkraverka er að bjóða upp á betri lífskjör, meiri birtu, meiri mat, meira líf, meiri leik, meiri gleði, meiri kærleika.

## Cross Polo fyrir lengra komna. Og ævintýraþyrsta.



Volkswagen Cross Polo er með meiri veghæð, stærri felgur og íslenskt leiðsögukerfi sem staðalbúnað. Þegar þú vilt fara aðeins lengra og sækja í ævintýrin er Volkswagen Cross Polo bíllinn fyrir þig.

Cross Polo frá:  
**3.590.000 kr.**

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Volkswagen





Henrik Stenson kyssir Silfurkönnuna á Royal Troon-vellinum í Skotlandi eftir sigurinn sögulega þar sem hann bætti tvö stærstu metin á Opna breska. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Sögulegt hjá þeim sænska

Henrik Stenson varð í gær fyrsti sænski karlkylfingurinn sem vinnur risamót í golfi þegar hann tryggði sér sigur á Opna breska meistaramótinu. Rauf einokun Bandaríkjamanna á Royal Troon-vellinum í Skotlandi.

**GOLF** Sviðinn Henrik Stenson varð í gær fyrsti sænski karlinn sem vinnur risamót í golfi en hann hafði betur á Opna breska meistaramótinu í mögnuðu einvígi gegn Bandaríkjamanninum Phil Mickelson. Pútturinn hjá Stenson var svo heitur að það sætir furdðu að maðurinn þyrfti ekki ofnhanska til að halda um hann á Royal Troon-vellinum í Skotlandi í gær.

Stenson fór lokahringinn á 63 höggum eða átta höggum undir pari og kláraði hringina fjóra á 264 höggum eða 20 höggum undir pari. Þetta er einfaldlega besta frammi- staða sögunnar á þessu virtasta og stærsta risamóti hvers árs.

Sviðinn bætti 16 ára gamalt met Tigers Woods sem vann Opna

breska á 19 höggum undir pari árið 2000 og einnig eru þetta fæstu högg í sögunni en metið átti Ástralinn Greg Norman. Hann vann Opna breska á 267 höggum árið 1993.

### Spilaði fyrir látinn vin sinn

Tilfinningarnar voru við það að bera Stenson ofurlíði þegar hann tileinkaði sigurinn góðvini sínum Mike Gerbich, 74 ára gömlum Bandaríkjamanni sem lést á miðvikudaginn, degi áður en Opna breska meistaramótið hófst.

Stenson spilaði með sorgarband á fyrsta degi til minningar um þennan mikla vin sinn sem hann kynntist í Dúbaí.

„Ég missti góðan vin á miðvikudaginn sem barðist við krabbamein.

Hann var með mér alla vikuna. Þetta er fyrir Mike,“ sagði Stenson er hann kyssti Silfurkönnuna, sigurlaunin á Opna breska, og hóf hana á loft í minningu vinar síns.

### Rauf bandaríska einokun

Það kom fáum á óvart að Bandaríkjamenn röðuðu sér mjög snemma á mótinu í öll efstu sætin og að hinn bandaríski Phil Mickelson væri í baráttunni til síðustu holu. Bandaríkjamönnum hefur nefnilega liðið mjög vel á Royal Troon-vellinum. Í síðustu fimm skipti fyrir síðustu helgi sem spilað var á vellinum bar Bandaríkjamadur sigur úr býti.

Síðast vann Todd Hamilton Opna breska þegar það fór fram á Royal

» Frammi- staða Mickelsons, að vera á 17 höggum undir pari, hefði dugað til að vinna Opna breska í 144 skipti af þeim 145 sem það hefur farið fram.

Troon en síðasti kylfingurinn sem er ekki frá Bandaríkjunum til að vinna Opna breska á Royal Troon á undan Stenson var Suður-Afríkumaðurinn Bobby Locke.

Stenson kom fram smá hefndum í gær en hann og Mickelson börðust um sigurinn á Opna breska fyrir þremur árum. Þá hafði sá bandaríski betur. Nú var komið að þeim sænska. [tomas@365.is](mailto:tomas@365.is)

## Nýjast

### Pepsi-deild karla í fótbolta

#### Fylkir - KR 1-4

0-1 Morten Beck Andersen (2.), 0-2 Aron Bjarki Jósefsson (10.), 1-2 Tonci Radovnikovic (15.), 1-3 Óskar Örn Hauksson (42.), 1-4 Óskar Örn Hauksson (53.).

Allar flóðgáttir opnuðust hjá KR-ingum sem voru aðeins búnir að skora átta mörk fyrir leikinn.

#### Víkingur Ó. - Stjarnan 2-3

0-1 Baldur Sigurðsson (17.), 1-1 Hrvoje Tokic (19.), 1-2 Grétar S. Sigurðarson (29.), 2-2 Þorsteinn Már Ragnarsson (65.), 3-2 Arnar Már Björgvinsson (67.).

Rautt: Hrvoje Tokic, Vík. Ó. (19.).

Króatíski framherjinn fékk rautt spjald fyrir algjört óþarfa brot. Sparkaði í Baldur Sigurðsson.

#### ÍA - Valur 2-1

1-0 Ármann S. Björnsson (33.), 2-0 Garðar Gunnlaugsson (38.), 2-1 Andri Adolphsson (64.).

Skagamenn eru búnir að vinna fjóra leiki í röð og Garðar Gunnlaugsson er búinn að skora tíu.

#### Fjölnir - Breiðablik 0-3

0-1 Daniel Bamberg (18.), 0-2 Gísli Eyjólfsson (23.), 0-3 Andri Rafn Yeoman (74.).

Aðra umferðina í röð mistekst Fjölni að komast á toppinn. Árni Vilhjálmsson sneri aftur í lið Blika og þakkaði fyrir sig með þremur stoðsendingum.

### Efri hlutinn Neðri hlutinn

1. FH	22	7. Valur	14
2. Stjarnan	20	8. ÍBV	14
3. Fjölnir	19	9. KR	13
4. Breiðablik	19	10. Víkingur	12
5. Víkingur Ó.	18	11. Fylkir	8
6. ÍA	16	12. Þróttur R.	7

» Þegar fólk fer að bendla KR við Inkasso!! Klárlega á villigötum sú umræða... komnir þjálfarar sem geta stýrt skútunni

Bjarni Jakob  
[@bjjakob](https://www.facebook.com/bjjakob)

### Í dag

19.30 Víkingur - Þróttur Sport  
22.00 Pepsi-mörkin Sport

19.10 FH - Stjarnan Kaplakriki  
18.00 Víkingur - Þróttur Vikingsv.

## Viltu meðhöndla liðverkinn án þess að taka töflur?

Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.



Lyfjaauglýsing

15%  
afsláttur

Gildir fyrir 100g og 150g

Inniheldur 11,6 mg af dikiófenakvætílamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meislisli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafði samband við lækni ef einhverri eru viðvarandi eða versna eftir meðferð 17 sólarhringa. Frábendingar: Öfnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, asetylísalísýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakiða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetylísalísýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglungum 14 ára og yngri. Sérstök varnaráror: Má eingöngu bera á hella og heilbrigða húð og alls ekki á slimhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/öfnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hættu á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á alltækum aukaverkunum, t.d. á niuru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis hálf: Novartis Healthcare A/S. Umbod á Íslandi: Artasan ehf., Suðurráuni 12a, 210 Garðabær.







# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1323** Tómas frá Aquino er tekinn í heilagra manna tölu af Jóhannesi 22. páfa.

**1553** María, dóttir Hinriks 8. og Katrínar af Aragon, er krýnd drottning Englands og Írlands. Lafði Jane Grey segir sjálfviljug af sér.

**1817** Ríthöfundurinn Jane Austen deyr á þessum degi.

**1918** Nelson Mandela fæðist á þessum degi.

**1918** Undirritaðir eru samningar milli Íslands og Danmerkur um frumvarp til sambandslaga milli landanna tveggja. Frumvarpið er samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu þann 19. október um haustið og gengur í gildi þann 1. desember. Verður þá Ísland sjálfstætt, frjálst og fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku.

**1925** Minningabók Adolfs Hitlers, Mein Kampf, kemur út í Þýskalandi.

**1931** Hafin er bygging verkamannabústaða við Hringbraut, Bræðraborgarstíg og Ásvallagötu í Reykjavík.

**1963** Gasverksmiðjan Ísaga við Hlemmtorg í Reykjavík brennur. Miklar sprengingar verða í brunanum og skemmast nálæg hús.

**1995** Eldgos hefst í Soufriere Hills-eldfjallinu á Montserrat og stendur enn.



Nelson Mandela



Búist er við skátum frá meira en 80 löndum á heimsmót eldri skáta á Íslandi næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Fimm þúsund gestir á heimsmóti skáta á Íslandi

Skátar segja eftir miklu að slægjast fyrir væntanlega samstarfsaðila vegna stórs alþjóðlegs skátamóts á Íslandi næsta sumar. Þeir vilja samvinnu við sveitarfélög á suðvesturhorninu og bjóða samfélagsþjónustu á móti. Áætlað er að þátttakendur verði frá um 80 löndum.

Áætlað er að fimm þúsund gestir og eitt þúsund sjálfboðaliðar taki þátt í alþjóðlegu skátamóti á suðvesturhorni Íslands á næsta ári. Verður það stærsta alþjóðlega mótið sem íslenskir skátar hafa staðið fyrir til þessa.

